

Rangárþing ytra
b.t. skipulagsfulltrúa
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu

Garðabær, 19. september 2025
202508-0039/A.B.
08.02

Efni: Umsögn – Lýsing - Deiliskipulag -Lautir Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra er barst 13. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu vegna gerðar deiliskipulags í landi Bjalla, syðri hluti lóðar Álfaborgar 5.

Álfaborg 5 skiptist í tvo hluta og á þessi deiliskipulagstillaga við um syðri hlutann sem nefnist Lautir, alls 2,8ha lands.

Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra er umrætt skipulagssvæði skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Í greinargerð kemur fram áformað eru að skilgreina Lautir sem sjálfstætt lögbýli. Á jörðinni er fyrirhugað að stunda grænmetisræktun og sjálfbæra vöruþróun. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi og að hluti núverandi útihúsa verði nýttur sem vinnustofur fyrir myndlist og vöruhönnun. Útleiga og gisting verður tengd þeirri skapandi og sjálfbæru starfsemi sem gert er ráð fyrir að fram fari á staðnum.

Aðkoma að svæðinu er um Húsagarðsveg frá Bjallavegi.

Mikilvægt fuglasvæði

Í greinargerð með skipulagstillögunni fyrir Lautir kemur fram í kafla 2.1 um náttúruvá og verndunað engin náttúruvá sé skráð á svæðinu. Einnig kemur fram að allt sveitarfélagið sé skráð sem mikilvægt fuglasvæði en fullt að það verði ekki fyrir áhrifum af fyrirhuguðum eða mögulegum framkvæmdum á deiliskipulagssvæðinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Mófuglar nýta tún og framræst land í verulegum mæli, bæði sem fæðusvæði og jaðra þeirra til varps. Þannig gegna tún mikilvægu hlutverki fyrir tegundir á borð við spóa, heiðlóu, jaðrankan, stelk og hrossagauk, þótt þau séu manngerð búsvæði. Þar sem deiliskipulagssvæðið er kjörið búsvæði margra mófugla er mikilvægt að halda fyrirhuguðum eða mögulegum framkvæmdum í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt Tómasar Grétars Gunnarssonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi, um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.¹Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði válista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025², en síðasti válisti hafði verið birtur árið 2018. Mófuglar hafa átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir

¹ [Að taka tillit til mófugla á varptíma](#)

² [Válisti fugla 2025 | Náttúrufræðistofnun Íslands](#)

þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu válistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeysing, en á síðustu 10-15 árum hafa stofnar þessara tegunda minnkað um allt að 30-40%. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópuþofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á svæðum sem eru algeng búsvæði þeirra.

Auk mófugla nýta stórir hópar gæsa og álfta tún og akurlendi á Suðurlandsundirlendi, einkum til beitar og hvíldar á fartíma. Þar má nefna álft, en talið er að allt að 400 pör verpi á svæðinu og um 11.000 fuglar dvelji þar á fartíma; heiðagæs, með allt að 25.000 einstaklinga á fartíma; blesgæs, með um 6.158 fugla á fartíma; og grágæs, sem getur numið yfir 40.000 fuglum á fartíma (talningar frá 2012-2016).³ Taka má fram að grágæsarstofninn hefur minnkað undanfarin ár og árið 2023 var sett sölubann á grágæs og afurðir hennar til þess að draga úr veiðum og afföllum.

Tún og akurlendi gegna því lykilhlutverki fyrir fjölbreytt fuglalíf á Suðurlandsundirlendi, bæði sem beitolönd, fæðusvæði og viðkomustaðir á fartíma, þrátt fyrir að vera manngerð vistkerfi.

Af framangreindu telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að í greinargerð með deiliskipulagstillögunni fyrir Lautir verði fjallað um mikilvægi fuglalífs innan skipulagssvæðisins og tilgreint verði að fyrirhuguðum eða mögulegum framkvæmdum innan þess verði haldið í lágmarki á varptíma fugla.

Hraun

Á uppdráttum sem fylgja deiliskipulagstillögunni fyrir Lautir kemur fram að hraun er innan skipulagssvæðisins án þess að um það sé sérstaklega fjallað. Þess vegna telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að í greinargerðinni verði verndargildi þess tilgreint og áhersla lögð á að því verði ekki raskað.

Í því samhengi bendir Náttúruverndarstofnun á að hraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur því áherslu á að fjallað sé um hraun í deiliskipulagstillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu skipulagsins og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Vistgerðir

Náttúruverndarstofnun bendir á auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni eru þær plöntur sem friðunin nær til friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins.

³ [Suðurlandsundirlendi | Náttúrufraeðistofnun Íslands](#)

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt Vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er innan skipulagssvæðisins m.a. að finna eftirtaldar vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og þarfnast verndar:

- Língresis og vingulsvist – Hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- Víðkjarrvist - Mjög hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- Grasengjavist - Hátt. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Náttúruverndarstofnun telur brýnt að í greinargerð með deiliskipulagstillögunni verði þessar vistgerðir tilgreindar sérstaklega og fjallað sé um verndargildi þeirra. Jafnframt verði lögð áhersla á að fyrirhugaðar eða mögulegar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins raski ekki verndargildi þeirra.

Náttúruvernd - Almennt um deiliskipulagstillöguna

Í greinargerð með deiliskipulagstillögunni kemur fram að umrætt skipulagssvæði sé skilgreint landbúnaðarland og fjallað er um tengsl þess við tengdar skipulagsáætlanir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem deiliskipulagsvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis auk þess sem þar er að finna vistgerðir með ríkt verndargildi og óraskað hraun er mikilvægt að sveitarfélagið geri grein fyrir því hvernig skipulagstillagan samræmist markmiðum skipulagsreglugerðar almennt og stefnumörkun sveitarfélagsins um náttúruvernd eins og hún birtist í gildandi aðalskipulagi og sérstaklega hvað þessa þætti varðar.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
verkefnastjóri
Axel Benediktsson
sérfræðingur